



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2024
Tilvísun: 2024020294/GRB

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019.

1.

Persónuvernd vísar til beiðni Velferðarnefndar Alþingis frá 9 febrúar 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019 (pskj. 934, 627. mál á 154. löggjafarþingi).

2.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er greint frá því að tilgangur frumvarpsins sé að tryggja að ríkisskattstjóra sé heimilt að miðla og veita aðgang að upplýsingum og gögnum úr fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og skrá um raunverulega eigendur í gegnum samtengingarkerfi skráa í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849 og tilskipun (ESB) 2017/1132.

Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði í c-lið 9. gr. laga um fyrirtækjaskrár nr. 17/2003. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að ríkisskattstjóra sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem honum er það nauðsynlegt til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögnum, svo sem vegna skráningar upplýsinga í fyrirtækjaskrá og við að veita aðgang að þessum upplýsingum. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að heimildin nái til vinnslu almennra persónuupplýsinga, eins og nafns, kennitölu, heimilisfangs, aðseturs og fjárhagsupplýsinga einstaklinga. Þessar upplýsingar geta verið um einstaklinga sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, forsvarsmenn félaga og raunverulega eigendur.

Í 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir sambærilegum ákvæðum í a-lið 151 gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og a-lið 125.gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Persónuvernd telur ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við ákvæðin en leggur til að í c-lið 2. gr., b-lið 5. gr., og b-lið 8. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi ákvæði:

„Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum skal samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Gyða R. Bergsd.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir